

Rekstur ungmennahús – samfélagshúss

Starfsemi ungmennahús er aðallega fyrir ungmenni á aldrinum 16 – 25 ára. Boðið er upp fjölbreytt starf í vímulausu og öruggu umhverfi.

- Gert er ráð fyrir að það verði sérstakt hópastarf en það yrði að koma í ljós hverskonar hópastarf væri þörf á, oft tengist það félagslegri einangrun. En það þarf að vera náíð samstarf við ráðgjafa og námsráðgjafa skólana og fjölskylduþjónustunnar.
- Dagopnanir væri góð leið til að ná til þeirra ungmenna sem vilja koma í beinu framhaldi úr skóla
- Boðið yrði upp á aðstöðu fyrir að læra
- Samstarf yrði við námsráðgjafa
- Hópur ungmenna sem eru ekki í skóla yrði að ná sérstaklega í og yrði samstarf við framhaldskóla og grunnskólana.
- Ungmenni af erlendum uppruna yrði boðið upp á að koma en sá hópur er mjög týndur í samfélaginu.
- Húsráð yrði starfandi en það yrði þeirra hlutverk að gera dagskrá fyrir kvöldopnanir t.d tónleika, fatamarkaði, popp Quiz, Enski boltinn ofl.

Aðrir hópar en ungmenni á öðrum opnunartíma:

- Mömmuhittingar / foreldrarmorgnar
- Hópar eldri borgara
- Námskeiðahald
- Innflytjendur
- Ýmsir hópar og ýmis verkefni

Húsnæði

Húsnæði þarf að vera miðlægt í Hafnarfirði, helst nálægt góðum samgöngum og framhaldsskólunum tveim.

Æskilegt er að þar sé lítið eldhús, tvö klósett, geymsla, ræstikompa, starfsmannaskrifstofa, salur minnst 80 fermetrar, sjónvarpsherbergi og tvö vinnuherbergi ungmenna s.s. fyrir listsköpun, nám og fund. Hugmyndir um ungmennahús miða að því að húsnæðið sé í eigu Hafnarfjarðarbæjar og Skattstofan uppfyllir öll viðmið okkar.

Opnunartími ungmennahúss

Mánudaga	14:00-22:00
Þriðjudaga	14:00-17:00
Miðvikudaga	14:00-22:00
Fimmtudaga	14:00-17:00
Föstudaga	14:00-22:00 annanhvorn til að byrja með

Stöðugildi

Gert yrði ráð fyrir 1,8 stöðugildum fyrsta starfsárið.

100% starfsmaður verkefnastjóri / umsjónarmaður

40% almennur starfsmaður / hlutastarfsmenn

40% staða sem fleiri en ein mun deila með sér

Rekstraráætlun / kostnaðaráætlun

- Launakostnaður

	Mánaðar- laun	Stöðu- gildi	Föst yfirvinna	Yfirv. kaup	Yfirv.	Álags- tímar	Álag	Álag	Samtals laun	Ltg.	Mánuðir á ári	Árs- kostnaður
Verkefnastjóri	520.000	1	15	5.398	80.964	15	1.300	19.500	620.464	760.068	12	9.120.821
Starfsmaður	330.000	0,4	10	3.425	34.254	30	825	24.750	191.004	233.980	10,5	2.456.789
Starfsmaður	330.000	0,4	10	3.425	34.254	30	825	24.750	191.004	233.980	10,5	2.456.789
										1.228.028		14.034.399

Rekstur á ári:

Laun	14.034.000
Innri leiga (ræsting, hiti, net, rafm) framkvm	2.233.333
Pappír, prentun og ritföng	150.000
Bækur og áskrift	100.000
Tímarit, blöð	50.000
Rekstur tölvubúnaðar	50.000
Aðrar rekstrarvörur	120.000
Matvæli - mötuneyti nemenda/annarra	10.000
Kaffivörur	80.000
Húsbúnaður	400.000
Ýmis búnaður	100.000
Efni ýmislegt	50.000
Önnur vörukaup	150.000
Sími	80.000
Önnur afnotagjöld	120.000
Starfsmannabifreiðar – akstursbók	50.000
Bifreiðastyrkir	150.000
Aðkeyptur vörubíla og sendiakstur	40.000
Ferðakostnaður	100.000
Aðkeypt önnur sérfræðiþjónusta m. vsk	200.000
Önnur þjónustugjöld	50.000
Viðhald áhald og búnaðar	600.000
Önnur þjónustukaup	50.000
Leyfisgjald heilbrigðiseftirl.	30.000
Samtals	18.997.333

Það er okkar tillaga að fá viðeigandi húsnæði í Skattstofunni, ráða starfsmann í sumar sem stýrir og hefur undirbúning og að ungmennahúsið opni strax í haust.

30. apríl 2018

Geir Bjarnason

Guðbjörg Magnúsdóttir

Linda Hildur Leifsdóttir